

# Héðinsfjarðargöng og áhrif tilkomu þeirra á starfsemi ríkis og sveitarfélags í Fjallabyggð

Höfundar:

Grétar Þór Eypórsson prófessor. Háskólinn á Akureyri, Borgir við Norðurslóð, 600 Akureyri. Sími: 4608627. Netfang: gretar@unak.is

Ásta Júlía Aðalsteinsdóttir. BA í Félagsvísindum með áherslu á æskulýðsfræði. Netfang: astaadalsteins@gmail.com

## Útdráttur

Í þessari grein er tekið á við að svara þeirri spurningu hvort tilkoma Héðinsfjarðarganga sem opnuðu árið 2010 hafi leitt til hagræðingar í starfsemi sveitarfélags og í starfsemi ríkisvalds innan marka sveitarfélagsins. Borin eru saman gögn um fjölda starfa og stöðugilda frá því rétt fyrir opnun ganganna (2009) og nokkrum árum síðar (2013/14). Niðurstöður eru fyllilega í samræmi við kenningar og niðurstöður fyrri rannsókna á sviðinu. Samgöngubætur leiða gjarnan til þess að opinberir aðilar geta hagrætt í rekstri vegna styttingar vegalengda.

*Lykilord: Héðinsfjarðargöng, hagræðing, samgöngubætur, sameining sveitarfélaga, ríkisstofnanir.*

## 1. Inngangur

Þegar Héðinsfjarðargöng voru opnuð haustið 2010 hafði sveitarfélagið Fjallabyggð sem slíkt verið til í fjögur ár, en kaupstaðirnir Siglufjörður og Ólafsfjörður voru sameinaðir þegar árið 2006. Með því hafði verið vonast til að hefja mætti undirbúning að væntanlegri hagræðingu og breytingum sem næðu fullum þunga með opnun ganganna. Segja má að grunnforsenda sameiningarinnar hafi verið tilkoma Héðinsfjarðarganganna og þeir hagræðingarmöguleikar sem sköpuðust með þeim. Í skýrslunni „Fjallabyggð fyrir Héðinsfjarðargöng“ sem kom út árið 2010 (Þóroddur Bjarnason og Kolbeinn Stefánsson (ritstj.), 2010) var tekin eins konar stöðumynd af Fjallabyggð frá því fyrir opnun ganganna og því hafði tæpast orðið vart við miklar samfélagslegar breytingar þegar þar var komið við sögu. Í þeirri skýrslu mátti einnig finna kafla um starfsemi ríkis og sveitarfélags haustið 2009 (Grétar Þór Eypórsson o.fl. 2010). Liggur sá kafla að mestu til grundvallar þeim samanburði sem hér er settur fram – samanburður milli árána 2009 og 2013 eða á milli þess tímamarkts þegar stutt var í opnun ganganna og þremur árum eftir opnun þeirra.

Í þessari grein er fjallað um opinbera stjórnsýslu og þjónustu í Fjallabyggð og hún kortlögð eins og staðan var haustið 2013 og í einhverjum tilfellum á árinu 2014 og borið saman við samskonar kortlagningu sem gerð var árið 2009 – áður en Héðinsfjarðargöng voru opnuð. Hana er að finna í kaflanum „Starfsemi ríkisvalds og sveitarfélags í Fjallabyggð“ í áðurnefndri bók um Fjallabyggð fyrir Héðinsfjarðargöng frá árinu 2010. Annars vegar verður hér fjallað um starfsemi sveitarfélagsins sjálf og hins vegar starfsemi ríkisins innan marka sveitarfélagsins.

### 1.1. Rannsóknarspurningar, fræðilegt samhengi og aðferðir

Rannsóknir hafa eindregið bent til þess að sameiningar sveitarfélaga séu, að minnsta kosti á sumum sviðum, góð leið til að hagræða í rekstri sveitarfélaga sem og stjórnsýslu þeirra. Stærðarhagkvæmni í rekstri sem og fækkun stöðugilda vegna hagræðingar hafa einnig sýnt sig vera meðal þess ávinnings sem hlotist hefur og getur náðst með sameiningum sveitarfélaga. Þetta er meðal meginniðurstaðna í rannsókn Grétars Þórs Eypórssonar og Hjalta Jóhannessonar (2002) en þar rannsökuðu þeir áhrif og afleiðingar sameiningar 37 sveitarfélaga í 7 ný á tíunda áratug síðustu aldar. Ávinningur af þessu tagi hefur einnig verið ein meginröksemdin fyrir því að ráðast í sameiningar sveitarfélaganna (sjá t.d. í Grétar Þór Eypórsson 2014; Grétar Þór Eypórsson 2012 og Grétar Þór Eypórsson 1998). Verður því á grundvelli framansagðs sett fram sú rannsóknarspurning *hvort sameining Siglufjarðar og Ólafsfjarðar í eitt sveitarfélag í tengslum við að Héðinsfjarðargöng voru gerð hafi leitt til sparnaðar og hagræðingar í rekstri sveitarfélagsins í formi þess að hægt var að fækka stöðugildum í starfseminni og jafnframt í stjórnsýslu og hinu pólitíska kerfi.*

Þegar litið er til þess hluta opinbers reksturs sem snýr að ríkisvaldinu hafa einnig komið fram skýr merki hagræðingarmöguleika og hagræðingar. Í innlendum rannsóknum sem gerðar hafa verið á áhrifum af tilkomu samgöngubóta hefur komið fram að þær geti við vissar aðstæður leitt af sér að ríkisvaldið geti hagrætt í sinni starfsemi í krafti styttingar vegalengdar milli staða (sjá t.d. Vífill Karlsson, 2004; Grétar Þór Eyþórsson ofl., 2001; Kjartan Ólafsson og Hjalti Jóhannesson, 2002; Kjartan Ólafsson og Hjalti Jóhannesson, 2004). Þetta hefur m.a. sýnt sig í að styttrar vegalengdir hafa gert stjórnslu óþarfa eða dregið úr starfsemi hennar, eins og til dæmis Skattstofur, Sýslumannsembætti og fleira. Í skýrslu Rannsóknastofnunar Háskólans á Akureyri fyrir Byggingastofnun frá 2001 segir m.a. að „Áhrif samgöngubóta á ríkisfjármál eru þó einkum ábugaverð hvað varðar möguleika á sparnaði og hagræðingu í opinberum rekstri á áhrifasvæði samgöngubóta...“ (Grétar Þór Eyþórsson ofl. 2001). Af erlendum rannsóknum má nefna verk þeirra Weisbrod og Weisbrod en þeir hafa m.a. sett fram kenningaramma um áhrif samgöngubóta á efnahag og samfélag. Í rannsókn sinni frá 1997 settu þeir fram kenningarramma fyrir áhrif af samgöngubótum og töluðu þar sérstaklega um hagræðingaráhrif fyrir bæði rekstur ríkis og sveitarfélaga. Má af framansögðu setja fram þá rannsóknaspurningu *hvort tilkoma Héðinsfjarðarganganna hafi opnað fyrir og leitt til þess að ríkisvaldið gat dregið úr starfsemi sínu í hinu nýja sveitarfélagi og þar með hagrætt í ríkisrekstri.*

Aðferðir við samantekt á þeim tölum sem liggja til grundvallar greiningu okkar eru af tvennu tagi. Annarsvegar gögn sem sótt hafa verið á vefsíður en hinsvegar þar sem þær hafa ekki legið fyrir hefur verið leitað upplýsinga hjá viðkomandi aðilum.

Rétt er að geta þess að í fyrri rannsókn sem vísað hefur verið til var gögnum ekki aflað nema að hluta til um heilbrigðisþjónustu í Fjallabyggð. Það verkefni var í höndum annarra í rannsóknahópi Háskólans á Akureyri (Sonja Stellý Gústafsdóttir o.fl., 2010). Er heilbrigðisþjónustan því ekki tekin fyrir í þessum samanburði okkar.

## **2. Sveitarfélagið Fjallabyggð**

### **2.1. Stjórnkerfi Fjallabyggðar**

Skipta má stjórnkerfi Fjallabyggðar upp í pólitískt kerfi annars vegar og stjórnslu hins vegar.<sup>1</sup> Innan pólitíska kerfisins eru pólitískt kjörnir fulltrúar Fjallabyggðar og í stjórnslunni eru starfsmenn sem vinna í umboði bæjarstjórnar.

Pólitískt kerfi Fjallabyggðar samanstendur af bæjarstjórn, bæjarráði og ellefu nefndum auk þess sem Fjallabyggð á fulltrúa í 3 sameiginlegum nefndum með öðrum sveitarfélögum. Bæjarstjórn er skipuð 7 kjörnum fulltrúum, en þeim var fækkað um tvo, úr 9 í 7, fyrir kosningarnar 2014. Bæjarstjórn fer með æðsta vald í ákvörðunartöku þeirra verkefna sem

---

<sup>1</sup> Upplýsingarnar í þessum kafla byggja í öllum meginatriðum á vef Fjallabyggðar [www.fjallabyggd.is](http://www.fjallabyggd.is)

sveitarfélagið annast. Bæjarráð er þriggja manna og hefur það umsjón með stjórnslu sveitarfélagsins auk þess að fara með framkvæmda- og fjármálastjórn ásamt bæjarstjórn.

Svokallaðar fastanefndir Fjallabyggðar eru nú 7 talsins. Að auki starfa undirkjörstjórnir í Ólafsfirði og á Siglufirði auk yfirkjörstjórnar Fjallabyggðar. Allar fastanefndir sveitarfélagsins eru skipaðar 5 fulltrúum og því sitja í þeim 35 bæjarfulltrúar auk áheyrnarfulltrúa. Hafa þær sér til fulltingis starfsmann úr stjórnslunni. Er þetta því fækkun frá 2009 þegar 49 sæti voru í fastanefndum. Sérstök almannavarnanefnd sem áður var skipuð 9 fulltrúum hefur verið lögð niður og sitja nú 2 fulltrúar í Almannavarnanefnd Eyjafjarðar í staðinn. Aðgerðastjórn hennar hefur aðsetur á Akureyri. Atvinnu- og ferðamálanefnd hafði áður umsjón með aðgerðum til eflingar atvinnulífs í Fjallabyggð sem og ferðamannaiðnaðar, en þessi verkefni eru nú í aðskildum nefndum: *Atvinnumálanefnd* og *Markaðs- og menningarnefnd*. Helstu verkefni *félagsmálanefndar* eru félagsþjónusta, heimilishjálpi, Iðja dagvistun, sambýli fatlaðra og Skálarhlíð. Frístundanefnd sem áður hafði yfirumsjón með frístundamálum á vegum sveitarfélagsins hefur nú verið sameinuð Fræðslunefnd sem hefur yfirumsjón með öllum stigum skóla- og fræðslumála í sveitarfélaginu, þ.m.t. íslenskukennslu fyrir innflytjendur og dagvistun í heimahúsum. Heitir nefndin nú *Fræðslu- og frístundanefnd*. *Hafnarstjórn* hefur umsjón með hafnarþjónustu og rekstri Fjallabyggðahafna. *Skipulags- og umhverfisnefnd* hefur vítt verksvið en helstu málefni hennar eru skipulagsmál, byggingamál, umhverfismál, umferðamál, gróður- og náttúruverndarmál, landbúnaðarmál, veitumál og búfjár- og gæludýrahald. Þá hefur nú verið stofnað Ungmennaráð Fjallabyggðar. Hlutverk þess og verkefni eru að koma skoðunum og tillögum unga fólksins í fjallabyggð á viðeigandi aðila í stjórnkerfi sveitarfélagsins. Gæta hagsmuna þeirra og vera ráðgefandi um rekstur félagsmiðstöðvanna. Ungmennaráðið á að efla tengsl framhaldsskólanema og grunnskólanema við bæjaryfirvöld með því að standa fríir umræðum innan vettvangs nemendana um málefni sem tengjast þeirra hagsmunum. Síðast en ekki síst á ráðið að gera koma með tillögur til bæjarstjórnar um stefnumörkun sem viðkoma málefni ungs fólks í Fjallabyggð.<sup>2</sup>

Fjallabyggð á jafnframt í samstarfi við önnur sveitarfélög í 5 nefndum.<sup>3</sup> *Barnaverndarnefnd ÚtiEy* er sameiginleg barnaverndarnefnd Fjallabyggðar og Dalvíkurbyggðar. Fjallabyggð á þrjá fulltrúa af fimm í nefndinni. Fjallabyggð á einnig einn fulltrúa af sex í *Heilbrigðisnefnd Samtaka sveitarfélaga á Norðurlandi vestra* (SSNV). Nefndin starfar samkvæmt lögum um hollustuhætti og mengunarvarnir og annast heilbrigðiseftirlit á Siglufirði (Heilbrigðiseftirlit Norðurlands vestra, 2009). Alls eru í sameiginlegum nefndum alls 8 fulltrúar Fjallabyggðar, miðað við 4 fulltrúa áður.

<sup>2</sup> [http://www.fjallabyggd.is/static/files/.pdf/sam\\_ykkt\\_fyrir\\_ungmennar\\_fjallabygg\\_ar\\_sam\\_ykkt\\_08.06.11.pdf](http://www.fjallabyggd.is/static/files/.pdf/sam_ykkt_fyrir_ungmennar_fjallabygg_ar_sam_ykkt_08.06.11.pdf)

<sup>3</sup> Ekki eru taldir með áheyrnarfulltrúar í nefndum, fulltrúar á landsþingum eða aðrar tímabundnar nefndir á vegum sveitarfélagsins.

Alls eru 7 bæjarfulltrúar og 43 fulltrúar í samstarfsnefndum og fastanefndum Fjallabyggðar. Í heild tilheyra því 50 aðalfulltrúar hinu pólitíska kerfi. Talsvert færri einstaklingar standa þó að baki þessum 50 sætum. Þannig sitja kjörnir fulltrúar yfirleitt í fleiri en einni nefnd.

Á skrifstofum Fjallabyggðar starfa nú alls 14 starfsmenn miðað við 19 árið 2009. Í yfirstjórn sveitarfélagsins er bæjarstjóri, en staða Próunarstjóra hefur verið lögð niður síðan 2009. Í tæknideild eru 2 stöður miðað við fjórar áður, einn deildarstjóri og einn tæknifulltrúi. Í félagsþjónustu eru 2 stöðugildi; ráðgjafi og deildarstjóri og hefur fækkað um ½ stöðugildi. Í íþrótt- og tómstundadeild er ein staða íþrótt- og tómstundafulltrúa. Í fjármála- og stjórnsýsludeild eru 8 stöður miðað við 7 áður; skrifstofu- og fjármálastjóri, aðalbókari, bókari, gjaldkeri/innheimtufulltrúi, ritari/skjalastjóri, þjónustufulltrúi, staða launafulltrúa og loks staða markaðs- og menningarfulltrúa. Fræðslu- og menningardeild sem tilheyrði skipuritinu 2009 er ekki til lengur og starf menningarfulltrúa sameinað markaðsfulltrúa.

Í eftirfarandi töflu eru dregnar saman breytingar á umfangi stjórnkerfis Fjallabyggðar milli 2009 og 2014.

**Tafla 1. Fjöldi í bæjarstjórn, fastanefndum, samstarfsnefndum og fjöldi starfsfólks á skrifstofu sveitafélagsins Fjallabyggðar 2009 og 2014.**

Nefndir	2009	2014
<i>Bæjarstjórn</i>	9	7
<i>Almannavarnanefnd Eyjafjarðar</i>	-	1
<i>Barnaverndarnefnd ÚtEy</i>	3	3
<i>Heilbrigðisnefnd (SSNV).</i>	1	1
<i>Héraðsnefnd Eyjafjarðar</i>	-	2
<i>Eyþing – stjórn</i>	-	1
<i>Fastanefndir</i>	49	35
<i>Nefndir alls</i>	53	43
Eining	2009	2014
<i>Skrifstofur Fjallabyggðar</i>	19	14

Hér hefur aðeins verið farið yfir umfang stjórnkerfisins en virkni þess sem slíks hins vegar lítill gaumur gefinn. Helstu hlutverk nefndanna hafa verið reifuð en virkni þeirra er þó mismikil. Allar nefndirnar eru til ráðgjafar fyrir bæjarstjórn en þó hafa sumar nefndirnar meira valdsvið en aðrar og geta tekið fullnaðarákvarðanir í ákveðnum málum.

Umfang stjórnsýslunnar hefur minnkað eftir sameininguna. Fækkað hefur verið í bæjarstjórn og fastanefndum hefur fækkað og þar með nefndasætum. Munar þar mestu um Almanna- varnanefnd sem fór undir samstarfsnefnd svæðisins og að Frístundanefnd var sameinuð Fræðslu-

nefnd. Á hinn bóginn hefur samstarfsnefndum fjölgað og þar með fulltrúum. Á heildina litið hefur þó nefndasætum alls fækkað úr 53 í 43 og sé bæjarstjórn talin með hefur fækkunin orðið úr 62 í 50. Þá hefur umtalsverð fækkun orðið í starfslíði bæjarskrifstofu.

## 2.2. Þjónusta sveitarfélagsins

Til þjónustu sveitarfélagsins telst sú starfsemi sem sveitarfélagið stendur beint að, önnur en stjórnsýsla og stjórnkerfi, sem gerð hafa verið skil að ofan. Starfsstöðvar félagsþjónustunnar eru bæði á Siglufirði og í Ólafsfirði. Félagsmálanefnd fer með málefni hennar í umboði bæjarstjórnar. Stöðugildi árið 2009 voru **21,37** en hafði fækkað niður í **20,5** árið 2013. Þetta eru félagsmálastjóri, félagsráðgjafi, ráðgjafa/deildarstjóra við félagsþjónustu og málefni fatlaðra, starfsmenn heimaþjónustu og starfsmenn Skálarhlíðar. Verkefni félagsþjónustunnar í Fjallabyggð eru sambærileg þjónustu annarra sveitarfélaga, en þau felast einkum í félagslegri ráðgjöf, fjárhagsaðstoð, húsaleigubótum, félagslegu leiguhúsnæði, þjónustu við fólk með fötlun, félagslegri heimaþjónustu, dagþjónustu aldraðra, barnavernd og aðstoð við áfengissjúka ásamt vímuefnavörnum, auk þess sem hún sinnir forvarnarstarfsemi (Félagsþjónusta Fjallabyggðar, 2009).

*Þjónusta við fatlaða.* Frá og með 1. Janúar 2011 hafa málefni fatlaðs fólks verið alfarið á ábyrgð sveitarfélaganna. Fjallabyggð tilheyrir Þjónustusvæði Norðurlands vestra.<sup>4</sup> Fjallabyggð og Dalvíkurbyggð reka barnaverndarnefnd í sameiningu og skipta með sér þjónustu sérfræðinga sem tengist félags- og skólaþjónustu við utanverðan Eyjafjörð (Útey). Þjónusta við aldraða felst í heimaþjónustu, akstri og heimsendingarþjónustu.

*Fræðslumál.* Í árslok 2009 var heildarfjöldi starfsmanna við fræðslustofnanir sveitarfélagsins 96 manns í alls **83,1** stöðugildi, auk aðkeyptrar sérfræðiþjónustu. Alls sinntu 32 starfsmenn í **28,3** stöðugildum kennslu og stjórnunarstörfum við Grunnskóla Siglufjarðar skólaárið 2009–2010. Við grunnskóla Ólafsfjarðar voru stöðugildin **25**. Haustið 2010 voru síðan grunnskólar Siglufjarðar og Ólafsfjarðar sameinaðir í Grunnskóla Fjallabyggðar. Nú stunda allir nemendur í 5. - 7. bekk nám sitt í skólahúsnæðinu í Ólafsfirði ásamt Ólafsfirskum nemendum í 1. - 4. bekk. Siglfirskir nemendur í 1. - 4. bekk stunda sitt nám Siglufirði. Í eldri deild eru nemendur í 8. - 10. bekk frá Siglufirði og Ólafsfirði, er þeim kennt saman á Siglufirði þó í öðru húsnæði en yngri nemendurnir. Árið 2013 voru í Grunnskóla Fjallabyggðar 205 nemendur og starfsfólk í 38,88 stöðugildum. (Grunnskóli Fjallabyggðar, 2013). Leikskólarnir og Tónlistarskólarnir voru einnig sameinaðir. Fjallabyggð býður öllum 5 ára börnum upp á fría leikskólavöl. Við leikskólann Leikskála á Siglufirði voru starfræktar 3 deildir. Skólaárið 2009-2010 var samtals 51 barn í námi. Þess má geta að árið 2008 voru 44 börn við skólann og árið 2006 voru þau 50 (Upplýsingaveita

<sup>4</sup> <http://www.samband.is/verkefnin/felagsthjonusta/flutningur-a-malefnum-fatladra/stjornsysla-vegna-yfirfaerslunnar/thjonustusvaedi/>

Sambands íslenskra sveitarfélaga, 2009). Fjöldi leikskólabarna á Siglufirði hefur því svo til staðið í stað síðustu 3 ár. Heildarfjöldi stöðugilda við leikskólann er 12,1. Auk leikskólastjóra og aðstoðarleikskólastjóra starfa við leikskólann 2 deildarstjórar, 1 aðstoðarleikskólakennari, 5 leiðbeinendur og 2 aðrir starfsmenn. Við leikskólann Leikhóla í Ólafsfirði voru starfræktar tvær deildir. Skólaárið 2009–2010 voru samtals 34 börn í námi við skólann. Til samanburðar voru 50 börn í námi við skólann árið 2006 og hefur þeim því fækkað talsvert. Heildarfjöldi stöðugilda er 11. Auk leikskólastjóra starfa við leikskólann 2 deildarstjórar, 4 leiðbeinendur, 1 sérkennari og 1 matráður, auk 2 starfsmanna sem sinna afleysingum. Enginn aðstoðarleikskólastjóri er við leikskólann. Árið 2010 voru leikskólarnir sameinaðir og árið 2013 voru 100 börn við Leikskóla Fjallabyggðar og starfsfólki í 29,87 stöðugildum. (Leikskóli Fjallabyggðar, 2013).

Við Tónlistarskóla Siglufjarðar starfar einn skólastjóri. Auk hans starfa 3 tónlistarkennarar við skólann og heildarfjöldi stöðugilda er 3,5. Auk skólastjóra Tónskóla Ólafsfjarðar starfa 5 tónlistarkennarar við skólann og heildarfjöldi stöðugilda er 3,5. Heildarfjöldi nemenda skólaárið 2009–2010 var 86; 65 nemendur í hljóðfæranámi og 21 nemandi í forskóla. Árið 2013 stunduðu 130 nemendur nám við Tónskóla Fjallabyggðar og starfsfólk í 6,69 stöðugildum. Alls voru árið 2013 starfsfólk í **75,4** stöðugildum við Grunn-, Leik-, og Tónskóla Fjallabyggðar.

*Æskuljós- og íþróttamál.* Sveitarfélagið rekur tvær félagsmiðstöðvar og tvær íþróttamiðstöðvar, auk skíða- og knattspyrnusvæða í Ólafsfirði. Á Siglufirði var umsjón þessara svæða boðin út árið 2008 og því starfa engir starfsmenn á vegum Fjallabyggðar lengur við þau. Rekstur er engu að síður í höndum sveitarfélagsins. Félagsmiðstöðin Æskó er starfrækt á Siglufirði og Félagsmiðstöðin Tunglið í Ólafsfirði og hefur íþrótt- og tómstundafulltrúi Fjallabyggðar yfirumsjón með starfi þeirra. Báðar eru þær opnar nemendum í 8.-10. bekk, að jafnaði 3 kvöld í viku. Heildarfjöldi starfsmanna er 4 og skipta þeir með sér einu stöðugildi. Árið 2013 hafði ekki verið gengið frá ráðningarsamningum við starfsmenn félagsmiðstöðvanna. Íþróttamiðstöðvar Fjallabyggðar eru tvær og hefur íþrótt- og tómstundafulltrúi yfirumsjón með þeim, en báðar hafa þær forstöðumenn. Þar störfuðu árið 2009 samtals 11 starfsmenn í **10,1** stöðugildi. Árið 2013 störfuðu 10 starfsmenn í **8,6** stöðugildum, fyrir utan tímalaunaða starfsmenn og afleysingafólk. Í Íþróttamiðstöðinni á Siglufirði er fjölnota íþróttasalur, tækjasalur, innisundlaug, heitur útipottur og ljósabekkir. Í Íþróttamiðstöð Ólafsfjarðar er vel búinn íþróttasalur í löglegri stærð, tækjasalur, 8x25 m útisundlaug, nuddpottur, heitur pottur, setlaug og gufubað. Við skíðasvæðið í Tindaöxl í Ólafsfirði starfa 2 starfsmenn í 1,5 stöðugildum. Um jól og páska eru ráðnir viðbótarstarfsmenn á tímakaupi. Á skíðasvæðinu er ein 650m lyfta og venjulega eru 3 brekkur troðnar, ein 600m og tvær 350m langar. Einn troðari er á svæðinu og aðgangur að öðrum á álagstímum. Brettaaðstaða er fyrir hendi og geta brettaáhugamenn nýtt sér hryggi á svæðinu auk þess sem þeir hafa hönd í

bagga við að útbúa stökkpalla. Rekstur skíðasvæðisins í Skarðsdal á Siglufirði er í höndum verktaka samkvæmt þjónustusamningi við sveitarfélagið.

*Menningarmál.* Tvö bókasöfn eru í Fjallabyggð, Bókasafn Siglufjarðar og Bókasafn Ólafsfjarðar. Í tengslum við bókasafnið á Siglufirði er rekið héraðsskjalasafn, sem framvegis mun þjóna Fjallabyggð allri. Á miðju ári 2008 voru 2 starfsmenn í 1 stöðugildi við störf hjá Bókasafni Ólafsfjarðar; forstöðumaður í 50% starfi og starfsmaður í afgreiðslu í sama starfshlutfalli. Á bókasafni Siglufjarðar starfa tveir starfsmenn; forstöðumaður og afgreiðslumaður í samtals 1,5 stöðugildi. Forstöðumaðurinn sinnir skjalavörslu hjá Héraðsskjalasafni Siglufjarðar og hefur umsjón með listaverkasafni sveitarfélagsins samhliða störfum á bókasafninu. Fyrirhugað hefur verið að eftir opnun Héðinsfjarðarganga verði bókasöfnin sameinuð en starfsstöðvar verði áfram á báðum stöðum. Sveitarfélagið rekur einnig Náttúrugripasafn Ólafsfjarðar, sem er fyrst og fremst fuglasafn og þykir mjög gott sem slíkt. Þar er einnig að finna m.a. eggjasafn, plöntusafn og ísbjörn sem skotinn var á Grímseyjarsundi. Safnið er opið á sumrin frá þriðjudegi til föstudags frá kl. 14-17 en hópar geta samið um opnun utan þess tíma (Náttúrugripasafn Ólafsfjarðar, 2009). Sumarið 2009 var 1 starfsmaður í um 45% stöðu í 3 mánuði og er því um að ræða 0,1 stöðugildi á ársgrundvelli. Því voru samtals **3** stöðugildi við menningarmál í Fjallabyggð árið 2009. Árið 2013 voru stöðugildi menningarmála í Fjallabyggð **4,4** og 5 starfsmenn.

*Aðrar stofnanir Fjallabyggðar.* Aðrar stofnanir Fjallabyggðar eru tvær þjónustumiðstöðvar (áhaldaús) og tvær slökkvistöðvar, auk tveggja hafnarskrifstofa. Fjallabyggð rekur þjónustumiðstöðvar sínar í tvennu lagi sem sérstakar rekstrareiningar. Nokkur munur er á starfsemi þjónustumiðstöðvanna tveggja, en það er þeim sameiginlegt að hafa umsjón með rekstri vatnsveitu og fráveitu, minniháttar viðhaldi og þrifum á gatnakerfi, snjómokstri, umferðarmerkingum, minniháttar viðhaldi fasteigna og snyrtingu opinna svæða. Í áhaldahúsinu á Siglufirði starfa nú 8 starfsmenn að meðtöldum verkstjóra sem fer með stjórnun og úthlutun verkefna og hefur að auki umsjón með flugvelli. Einn smiður er í starfsmannahópnum og sinnir hann aðallega viðhaldi fasteigna bæjarins. Meðal verkefna áhaldahússins á Siglufirði eru snjómokstur fyrir eldri borgara, viðhald grunnskóla, leikskóla og hafnarmannvirkja, skólaakstur fyrir grunnskólann og akstur með matarbakka fyrir aldraða, auk undirbúningsvinnu og frágangs ýmissa viðburða á hátíðum sem haldnar eru á Siglufirði. Í áhaldahúsinu í Ólafsfirði starfa 3 starfsmenn að meðtöldum verkstjóra en voru 4 fram til áramóta 2009-2010. Hjá áhaldahúsinu starfar einn smiður, sem sinnir viðhaldsverkefnum en gengur einnig í öll önnur störf. Verkefni eru fábreyttari en á Siglufirði og ná ekki til öldrunarþjónustunnar og fræðslumála. Í skýrslu sem Stjórnsýsluráðgjöf (2009) vann fyrir bæjarstjórn Fjallabyggðar kemur fram að umfang þjónustumiðstöðvanna hefur minnkað undanfarin ár samfara fækkun verkefna. Lagt er til að



áhaldahúsin haldi sér á báðum stöðum en verði sameinuð bæði rekstrar- og stjórnunarlega. Starfsmönnum verði fækkað í 4 á hvorum stað undir stjórn eins bæjarverkstjóra . Árið 2013 störfuðu 5 starfsmenn í 5 stöðugildum hjá þjónustumiðstöðvunum.

Tvær hafnir eru í Fjallabyggð; Ólafsfjarðarhöfn og Siglufjarðarhöfn, og eru báðar reknar af Hafnarsjóði Fjallabyggðar. Siglufjarðarhöfn telst til stórskipahafna en Ólafsfjarðarhöfn til meðalstórra hafna. Fram til ársins 2007 var Ólafsfjarðarhöfn aðili að Hafnasamlagi Eyjafjarðar en gekk inn í Hafnarsjóð Fjallabyggðar þegar Hafnasamlagið var lagt niður. Hafnarverðir eru þrír talsins auk yfirhafnarvarðar og bæjarstjóra Fjallabyggðar sem gegnir embætti hafnarstjóra. Yfirhafnarvörður á Siglufirði fer með daglega stjórn hafnanna. Árið 2013 störfuðu 3 starfsmenn í 3 stöðugildum hjá Hafnarsjóði.

Slökkvilið Fjallabyggðar er rekið sem ein stjórnunareining, þótt í raun sé um að ræða tvö sjálfstæð útkallslið. Tvær slökkvistöðvar eru í Fjallabyggð; Slökkvistöðin á Siglufirði og Slökkvistöðin í Ólafsfirði. Slökkviliðsstjórinn er staðsettur á Siglufirði en varðstjóri og aðstoðarslökkviliðsstjóri eru staðsettir í Ólafsfirði. Einungis slökkviliðsstjórnir eru í föstu hlutastarfi og stöðugildin eru 1,2. Á Siglufirði eru jafnframt 20 skráðir slökkviliðsmenn en á Ólafsfirði eru þeir 15. Þeir eru ekki fastir starfsmenn og því ekki taldir með í samantekt stöðugilda. Í Ólafsfirði eru 2 dælubílar með tilheyrandi búnaði en á Siglufirði eru 2 dælubílar, körfubíll og tækjabíll. Á báðum stöðvum er til björgunarbúnaður en á Siglufirði er að auki til mengunarbúnaður til að hreinsa upp spilliefni. Árið 2013 voru 2 fastir starfsmenn í 1,30 stöðugildum.

**Tafla 2. Fjöldi stöðugilda hjá sveitafélaginu Fjallabyggð 2009 og 2013, eftir starfsemi.**

<b>Starfsemi</b>	<b>Stöðugildi 2009</b>	<b>Stöðugildi 2013</b>	<b>Breyting '09 - '13</b>
Stjórnsýsla	13,5	9,9	-3,6
Félagsþjónusta	21,4	20,5	-0,9
Fræðslumál	83,1	71,3	-11,8
Íþrótt- og tómstundamál	13,6	8,6	-5,0
Menningarmál	3,0	4,4	1,5
Aðrar stofnanir	17,6	9,3	-8,3
<b>Alls</b>	<b>152,1</b>	<b>124,0</b>	<b>-28,1</b>

Vegna Héðinsfjarðarganga keypti Fjallabyggð nýjan slökkvibíl, sem smíðaður var í Ólafsfirði, en vegna ganganna þarf liðið að fá aukinn búnað til að geta ráðið við það sem úrskedis getur farið í göngum (bruna, mengunarslys og bílslys). Strákagöng og Múlagöng eru einnig á svæði Slökkviliðs Fjallabyggðar en þar hafa ekki orðið stór slys hingað til.

Heildarfjöldi fastráðinna starfsmanna sveitarfélagsins Fjallabyggðar árið 2013 var 145 í 124 stöðugildum, en árið 2009 voru þeir alls 254 í 152,1. Yfirlit um skiptingu starfa milli einstakra flokka starfsemi má sjá í töflu 2.

Taflan sýnir því að stöðugildum hjá sveitarfélaginu Fjallabyggð hefur fækkað umtalsvert milli árana 2009 og 2013. Stöðugildum hefur fækkað um 28,1 frá því ári fyrir opnun Héðinsfjarðarganganna. Stöðugildum sem talin eru til stjórnsýslu (óháð staðsetningu) hefur fækkað um 3,6 eða úr 13,5 í 9,9. Í félagsþjónustu hefur stöðugildunum fækkað hvað minnst eða um 0,9. Í íþrótt og tómstundamálum hefur stöðugildum fækkað um 5,0. Hjá öðrum stofnunum sem eru Hafnarskrifstofa, Þjónustumiðstöð og Slökkvilið hefur fækkað um 8,25. Hlutfallslega hefur fækkað mest í Þjónustumiðstöð eða úr 12,4 í 5. Í heildina hefur þó mest fækkað í fræðslumálum eða úr 83.1 árið 2009 í 71.3 árið 2013.

Samkvæmt þeim tölum um stöðugildi sem fengust frá sveitarfélaginu fyrir árið 2009 og birtar voru í skýrslunni frá 2010 var áætlað að heildarfjöldi tímaráðinna stöðugilda hafi þá verið um 13. Þannig mátt áætla að heildarfjöldi stöðugilda hjá sveitarfélaginu hafi verið um 165 það ár (Grétar Þór Eyþórsson ofl. 2010). Sé fækkun hlutastöðugilda í sama hlutfalli og fækkun annarra starfa hjá sveitarfélaginu á tímabilinu, ætti þeim að hafa fækkað úr 13 í 10,5 milli árana 2009 og 2013. Þannig væri hægt að segja að heildarfjöldi stöðugilda í Fjallabyggð 2013 væri nú 134,5 í stað 165 árið 2009. Það er fækkun um 30 stöðugildi eða um 18%.

### **3. Ríkisvaldið í Fjallabyggð**

Í Fjallabyggð er margvísleg starfsemi á vegum ríkisins eða fyrirtækja í eigu þess. Þannig eru lögreglustöðvar, kirkjur og heilbrigðisstofnanir í báðum bæjarkjörnum og á Siglufirði eru Skattstofa Norðurlands vestra, Vinnueftirlit ríkisins, RARIK og Sýslumaðurinn á Siglufirði. Alls störfuðu 136 manns á vegum ríkisins í 98,3 stöðugildum í Fjallabyggð árið 2009. Árið 2013 voru stöðugildi starfsmanna ríkisins í Fjallabyggð 97,6.

*Löggæsla.* Þann 1. janúar 2007 tók sýslumaðurinn á Akureyri við lögreglustjórn í umdæmi sýslumannsins í Fjallabyggð og heyrir því lögregla á Siglufirði og í Ólafsfirði undir lögreglustjórn á Akureyri (Ríkislögreglustjórnin, 2008). Í Ólafsfirði eru 2 lögreglumenn í fullu starfi og starfa með lögreglunni á Dalvík, þar sem einnig eru 2 lögreglumenn. Að auki er einn héraðslögreglumaður tiltækur á álagstímum. Á Siglufirði starfa 2 lögreglumenn í fullu starfi og einn lögreglumaður í 25% starfi. Að auki eru 2 héraðslögreglumenn tiltækir á álagstímum og við afleysingar. Til stendur að Dalvík, Ólafsfjörður og Siglufjörður sameinist í eitt varðsvæði nú eftir opnun Héðinsfjarðarganganna og hugsanlega mun fækka um einn starfsmann vegna niðurskurðar á fjárlögum ríkisins.

*Kirkjur.* Tvær kirkjur eru starfræktar á vegum Þjóðkirkjunnar í Fjallabyggð. Haustið 2009 voru þrjú launaðir starfsmenn við Ólafsfjarðarkirkju í 2,4 stöðugildum. Sóknarprestur og kirkjuvörður eru í 100% starfi hvor og organisti er í 40% starfshlutfalli. Í Siglufjarðarkirkju starfar sóknarprestur, einn kirkjuvörður og annar til vara, og umsjónarmaður kirkjugarða. 2 konur sjá um barnastarfið og einn starfsmaður er í starfi organista. Ekki eru upplýsingar um samanlagðan fjölda stöðugilda en miðað við upplýsingar um Ólafsfjarðarkirkju má gera ráð fyrir u.þ.b. þremur stöðugildum við Siglufjarðarkirkju.

*Framhaldsskóli.* Nýr framhaldsskóli tók til starfa í Ólafsfirði haustið 2010. Vonir standa til þess að með framhaldsskólanum muni nemendur sækja nám í heimabyggð í stað þess að flytja í önnur bæjarfélög. Því fylgir mikil hagræðing fyrir fjölskyldur menntaskólanema að þurfa ekki að senda unglingana um langan veg til að afla sér menntunar. Árið 2013 störfuðu þar 25 starfsmenn í 17 stöðugildum.

**Tafla 3. Fjöldi stöðugilda á vegum ríkisins í Fjallabyggð árið 2009 og 2013, eftir starfsemi.<sup>5</sup>**

<b>Starfsemi</b>	<b>Stöðugildi 2009</b>	<b>Stöðugildi 2013</b>
Löggæsla	4,0	3,0
Skattstofa	7,5	4,5
Sýslumaður	6,0	5,5
RARIK	6,0	4,0
Siglufjarðarkirkja	2,3	3,0
Ólafsfjarðarkirkja	2,4	2,4
Menntaskólinn	0,0	17,0
<b>Alls</b>	<b>28,2</b>	<b>39,4</b>

*Aðrar stofnanir.* Skattstofa Norðurlands vestra er staðsett á Siglufirði og er heildarfjöldi starfsmanna 8, þar af er einn starfsmaður í hálfu starfi. Stöðugildi embættisins á Siglufirði voru árið 2009 7,5. Árið 2013 hafið þeim fækkað í 4,5. Skrifstofa Sýslumannsins á Siglufirði er staðsett á Siglufirði en útibú er frá embættinu í Ólafsfirði og er sýslumaður til viðtals þar á þriðjudögum. Verkefni embættisins eru m.a. útgáfa vegabréfa og ökuskírteina, umboð almannatrygginga, innheimta opinberra gjalda, ýmis skráningarleyfi og skírteini, útgáfa sakavottorða, lögskráning sjómanna, tækifærisleyfi og tímabundin vínveitingaleyfi. Haustið 2009 störfuðu 7 manns hjá embættinu í 6 stöðugildum. Haustið 2013 hafði stöðugildum fækkað í 5,5. Rafmagnsveitur ríkisins (RARIK) sjá um hitaveitu og raforkusölu á Siglufirði ásamt raforkusölu í Ólafsfirði. Norðurorka keypti hitaveituna á Ólafsfirði og tók yfir reksturinn frá og með 1. janúar 2006.

<sup>5</sup> Stöðugildi á heilbrigðisstofnunum eru ekki tekin með í þessari samantekt.

Heildarfjöldi starfsmanna Rarik á Siglufirði árið 2009 var 6 manns í jafnmörgum stöðugildum. Árið 2013 hafði stöðugildum fækkað í 4.0.

Taflan sýnir að stöðugildum við þessar ríkisstofnanir hefur fjölgað um rúm 11 milli ára 2009 og 2013. Þar munar öllu tilkoma Menntaskólans á Tröllaskaga á árinu 2010. Þar störfuðu 25 starfsmenn í 17 stöðugildum. Stöðugildum við Siglufjarðarkirkju hefur fjölgað, en fækkun er í löggæslu (1), Skattstofu (3), hjá Sýslumanni (0,5) og hjá RARIK (2). Stofnun Menntaskólans hefur því gert meira en að veða upp tap á öðrum störfum á vegum ríkisins.

#### **4. Lokaorð**

Hér hefur verið sett fram yfirlit um breytingar á umfangi opinberrar starfsemi, bæði ríkisvalds og sveitarfélags í Fjallabyggð frá því fyrir opnun Héðinsfjarðarganga og fram til ársins 2013. Margvísleg hagræðing hafði þegar á árinu 2009 átt sér stað vegna sameiningar sveitarfélagana tveggja árið 2006. Má þar nefna fækkun kjörinna fulltrúa í sveitarstjórn og nefndarmanna (Grétar Þór Eyþórsson (2010)). Enn frekari hagræðing hefur orðið hjá sveitarfélaginu. Starfsmönnum sveitarfélagsins hefur fækkað og kjörnum fulltrúum var fækkað milli kosninganna 2010 og 2014. Stöðugildum hjá sveitarfélaginu hefur fækkað í heild um 28 frá því rétt fyrir opnun ganganna. Í því kann án efa að felast hagræðing en hér er ekki lagt mat á hvort þessi hagræðing hafi haft áhrif á þjónustuna sem sveitarfélagið veitir eða gæði eða fagmennsku í stjórnsýslu þess. Stöðugildum ríkisins, að heilbrigðismálum slepptum, hefur hinsvegar fjölgað um rúm 11 á tímabilinu. Skiptir tilkoma Menntaskólans á Tröllaskaga þar öllu með 17 stöðugildum, en á móti hefur orðið fækkun í ýmislegri annarri starfsemi ríkisins. Nægir þar að nefna Skattstofuna, RARIK og löggæslu. Hér er því til að taka að hér hefur verið sýnt fram á að með tilkomu Héðinsfjarðarganga hefur verið hægt að fækka og þar með hagræða í starfsemi bæði ríkisins og sveitarfélagsins. Er því ljóst af þessu að báðum þeim rannsóknarspurningum sem settar voru fram hér að framan er hægt svara þannig að tilkoma jarðganganna hafi leitt til hagræðingar á þessum sviðum. Eru þessar niðurstöður því í samræmi við niðurstöður fyrri rannsókna. Hér verður þó að nefna það sem mikilvægt er og fræðileg umfjöllun hefur ekki tekið til, en það er að tilkoma ganganna gerði stofnun Menntaskólans á Tröllaskaga mögulega. Hefur tilkoma hans orðið til að fjölga störfum ríkisins í Fjallabyggð og því meira en vegið upp þeirri fækkun upp á 6 stöðugildi sem orðið hafa.

Rétt eins og árið 2009 er hlutur hinna opinberu aðila í atvinnulífinu í Fjallabyggð enn mikill, eða samtals um 164 stöðugildi. Aukin þess eru mörg störf eða hlutverk sem tengjast hinu pólitíska kerfi – ekki full störf, en launuð að einhverju leyti og eru því hluti af tekjum viðkomandi einstaklinga. Íbúar Fjallabyggðar eiga því enn mjög mikið undir opinberri starfsemi þrátt fyrir að bæði ríki og sveitarfélag hafi nýtt sameininguna og tilkomu ganganna til þess að hagræða í starfsemi með fækkun í mannafla. Tilkoma Menntaskólans hefur greinilega vegið þungt í að vinna

gegn neikvæðum áhrifum fækkunar opinberra starfa og er þá ekki horft til annarra áhrifa sem tilkoma hans kann að hafa haft á mannlíf í Fjallabyggð.

## 5. Heimildir

Félagsþjónusta Fjallabyggðar. Sótt 18/09/2009 af <http://fjallabyggd.is/is/page/felagsthjonusta>  
[http://www.fjallabyggd.is/skrar/.pdf/fb\\_rekstur\\_b\\_kasafna\\_valkostagr\\_v8\\_opinb.pdf](http://www.fjallabyggd.is/skrar/.pdf/fb_rekstur_b_kasafna_valkostagr_v8_opinb.pdf)

Fræðslumál í Fjallabyggð. Sótt 19/09/2009 af <http://fjallabyggd.is/is/page/fraedsla>

Grétar Þór Eypórsson (1998): *Kommunindelningapolitik i Island. Staten, kommunerna och folket om kommunsammanslagningar*. Göteborg. CEFOS.

Grétar Þór Eypórsson (2010): *Sveitarfélagið Fjallabyggð og Héðinsfjarðargöng*. Í: Þóroddur Bjarnason og Kolbeinn Stefánsson (ritstj.) (2010): *Fjallabyggð fyrir Héðinsfjarðargöng*. Samgöngur, samfélag og byggðaðróun. Akureyri. Háskólinn á Akureyri.

Grétar Þór Eypórsson (2012): *Efning íslenska sveitarstjórnarstigsins. Áberslur, hugmyndir og aðgerðir*. Í: Stjórnsmál og stjórnsýsla. (Icelandic Review of Politics & Administration) 2.tbl. 8. Árg 2012. <http://www.stjornmalogstjornsysla.is/?p=1178>

Grétar Þór Eypórsson (2014): *Sameining sveitarfélaga á Íslandi í 70 ár. Röksemdir sameiningarsinna og andstaðingna*. Í: Stjórnsmál og stjórnsýsla. (Icelandic Review of Politics & Administration) 1.tbl. 10. Árg 2014. [http://www.irpa.is/article/view/1326/pdf\\_324](http://www.irpa.is/article/view/1326/pdf_324)

Grétar Þór Eypórsson, Hjalti Jóhannesson, Guðmundur Guðmundsson og Einar Ólafsson (2001): *Ábrif samgöngubóta á byggðaðróun*. Akureyri. RHA.

Grétar Þór Eypórsson og Hjalti Jóhannesson (2002): *Sameining sveitarfélaga. Ábrif og afleiðingar. Rannsókn á 7 sveitarfélögum*. Akureyri. RHA.

Grétar Þór Eypórsson, Kolfinna Jóhannesdóttir og Vífill Karlsson. (2006). *Ábrif ferju um Bakkafljöruböfn á samfélag og byggð í Vestmannaeyjum og öðrum svæðum Suðurlands*. Borgarbyggð. Háskólinn á Bifröst.

Grétar Þór Eypórsson, Arnbjörg Pétursdóttir og Martha Elena Laxdal (2010): *Starfsemi ríkis og sveitarfélags í Fjallabyggð*. Í: Þóroddur Bjarnason og Kolbeinn Stefánsson (ritstj.) (2010): *Fjallabyggð fyrir Héðinsfjarðargöng*. Samgöngur, samfélag og byggðaðróun. Akureyri. Háskólinn á Akureyri.

Grunnskóli Fjallabyggðar (2013). *Nemendur*. Sótt 30. nóvember 2013 af <http://grunnskoli.fjallabyggd.is/is/um-skolann/nemendur>

Heilbrigðiseftirlit Norðurlands vestra. [www.hnv.is](http://www.hnv.is).

Hjalti Jóhannesson, Grétar Þór Eypórsson og Kjartan Ólafsson (2001). *Jarðgöng og vegagerð á norðanverðum Tröllaskaga. Mat á umbverfisábrifum*. Verkefni unnið fyrir Vegagerðina, 2001. Akureyri. Rannsóknastofnun Háskólans á Akureyri.

Kjartan Ólafsson og Hjalti Jóhannesson (2002): *FÉLAGS- OG EFNAHAGSLEG ÁHRIF*

*SAMGÖNGUBÓTA. Þróun matsaðferða – fyrri hluti.* Akureyri. Rannsóknastofnun Háskólans á Akureyri.

Kjartan Ólafsson og Hjalti Jóhannesson (2004): *SAMGÖNGUBÆTUR OG FÉLAGS—OG EFNAHAGSLEG ÁHRIF ÞEIRRA. Þróun matsaðferða.* Akureyri. Rannsóknastofnun Háskólans á Akureyri.

Leikskóli Fjallabyggðar (2013). *Leikbólar.* Sótt 30. nóvember 2013 af <http://www.leikskolinn.is/leikholar/>

Leikskóli Fjallabyggðar (2013). *Leikskálar.* Sótt 30. nóvember 2013 af <http://www.leikskolinn.is/leikskalar/>

Lögregluvefurinn. [www.logreglan.is](http://www.logreglan.is)

Náttúrugripasafn Ólafsfjarðar. 2009. Sótt 19/11/2009 af [http://fjallabyggd.is/is/information/natturugripasafn\\_olafsfjarðar/](http://fjallabyggd.is/is/information/natturugripasafn_olafsfjarðar/)

Ríkislögreglustjórinn. Ársskýrsla 2008. Rekstur og starfsemi. Ríkislögreglustjóri. Reykjavík.

Samband Íslenskra Sveitarfélaga. [www.samband.is](http://www.samband.is)

Samband íslenskra sveitarfélaga, fréttir 13.3.2009. Sótt 30/11/2009 af <http://www.samband.is/rekstrar-og-utgafusvid/rekstrar-og-utgafusvid/frettir/nr/1519/>

Siglufjarðarkirkja. [www.siglufjardarkirkja.is](http://www.siglufjardarkirkja.is)

Sonja Stelly Gústafsdóttir, Sigríður Halldórsdóttir og Kristjana Fenger (2010): *Heilbrigðisþjónusta í Fjallabyggð.* Í: Þóroddur Bjarnason og Kolbeinn Stefánsson (ritstj.) (2010): *Fjallabyggð fyrir Héðinsfjarðargöng.* Samgöngur, samfélag og byggðapróun. Akureyri. Háskólinn á Akureyri.

Sýslumaðurinn. Vefur sýslumanna. [www.syslumenn.is](http://www.syslumenn.is)

Upplýsingaveita Sambands íslenskra sveitarfélaga. [www.samband.is](http://www.samband.is). *Upplýsingaveita: Stöðugildi í grunnskólum.* sótt 12/10/2009 af <http://upplýsingaveita.samband.is/dialog/Saveshow.asp>

Vefsetrið leikskolinn.is [www.leikskolinn.is](http://www.leikskolinn.is)

Vefsíða Fjallabyggðar [www.fjallabyggd.is](http://www.fjallabyggd.is)

Vífill Karlsson (2004): *Samgöngubætur og búseta. Áhrif Hvalfjarðarganga á búsetuskilyrði og búsetuþróun á Vesturlandi.* Akranes. Samtök sveitarfélaga á Vesturlandi.

Þjónusta fatlaðra í Fjallabyggð. [http://fjallabyggd.is/is/page/thjonusta\\_fatladra](http://fjallabyggd.is/is/page/thjonusta_fatladra).

Þóroddur Bjarnason og Kolbeinn Stefánsson (ritstj.) (2010): *Fjallabyggð fyrir Héðinsfjarðargöng.* Samgöngur, samfélag og byggðapróun. Akureyri. Háskólinn á Akureyri.

Weisbrod, G. og B. Weisbrod (1997): *Assessing the Economic Impact of Transportation Projects: How to Match the Appropriate Technique to Your Project.* Transportation Research Circular 477 (<http://www.edrgroup.com/pages/pdf/TRC477.pdf>)

